

Þriðjudaginn 2. maí 1961.

Nr. 91/1960. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Arnljóti Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Lögræði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu, sem réttilega hefur verið rekið og höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt 4. lið 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar eftir kröfu varnaraðilja með áfrýjunarstefnu, dagsettri 2. maí 1960.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í málinu, þar á meðal bréf, sem varnaraðili er talinn hafa skrifað norskum manni, að nafni hr. Hylen, dagsett 10. júní 1960. Auk þess hafa framhaldspróf verið haldin í sakadómi Reykjavíkur.

Meðal hinna nýju gagna eru vottorð frá 4 læknum, heimilislækni varnaraðilja frá 1. janúar 1960, Kristjáni Sveinsyni, og sérfræðingum í tauga- og geðsjúkdómum, þeim Alfreð Gíslasyni, Kristjáni Þorvarðssyni og Ragnari Karlsyni.

Kristján Sveinsson vottar 25. maí 1960, að hann hafi frá áramótum 1959/60 og til þess tíma, er vottorðið var gefið, „átt samtöl við Arnljót og fylgzt nokkuð með honum á þessu tímabili . . . og aldrei orðið þess var, að hann væri öðruvísi en eðlilegur í tali sínu og allri framkomu“. Þá segir áfram í vottorðinu: „Mér finnst hann jafneðlilegur og hann var áður, en ég þekkti hann náði bæði í menntaskóla og háskóla.

Sérstaklega vil ég taka fram, að mér finnst skaplyndi hans í fullkomnu jafnvægi, svo að á betra verður ekki kosið.“

Í sakadómi 11. október 1960 staðfesti læknirinn vottorð

þetta og tekur fram, „að Arnljótur hafi verið í andlegu jafnvægi, er hann talaði við mætta (þ. e. lækinn) á lækningastofunni, en mættur hefur aldrei gert neina psychiatriska athugun á Arnljóti“.

Kristján Þorvarðsson gaf 6. maí 1960 svohljóðandi vottorð: „Arnljótur Jónsson lögfræðingur, nú til heimilis í Nökkvavogi 44, hér í bæ, hefur mætt hjá mér til athugunar, samkvæmt tilvísun frá heimilislækni hans, Kristjáni Sveinsyni lækni.

Rannsókn mín hefur staðið yfir tímabilið frá 28. marz síðastliðnum þar til í dag, og hefur hann mætt hjá mér á þessu tímabili alls 12 skipti.

Ég hef við rannsókn mína ekki fundið einkenni geðveiki, og tel ég, að hann sé nú andlega heill heilsu.

Þar sem hann hefur verið sviptur lögræði, fjárræði og sjálfræði, legg ég eindregið til, að hann öðlist þegar réttindi þessi, er hann hefur verið sviptur.“

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960.

Alfreð Gíslason gaf 25. maí 1960 vottorð, sem hljóðar svo:

„Arnljótur Jónsson, f. 21/12 1903, Njálsgötu 72, Reykjavík, hefur óskað, að ég athugaði geðheilsu hans, sérstaklega með tilliti til þess hvort ástæða væri til lögráðasviptingar.

Ég hef þekkt Arnljót, frá því að hann var unglingur.

Fyrir liðlega 5 árum hafði ég hann til lækni meðferðar vegna melancholia in psychose maniodepressiva, og fór hann síðar á spítala vegna þessa sjúkdóms.

Athugun mín nú hefur staðið frá 13/4—24/5 1960 og verið fólgin í viðtölum, samtals 8 á þessu tímabili.

Niðurstaða athugunar minnar er sú, að ekki sé ástæða til að svipta Arnljót Jónsson lögræði“.

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960 og bætir því við, „að hann telji, að Arnljótur hafi, er mættur rannsakaði hann í vor, verið með öllu læknaður af þunglyndi því, er hann hafði verið haldinn af, er mættur hafði hann til meðferðar á árinu 1954“.

Ragnar Karlsson hefur gefið eftirfarandi vottorð 5. september 1960:

„Samkvæmt beiðni hefi ég rannsakað andlega heilbrigði Arnljóts Jónssonar lögfræðings, Nökkvavogi 44, Reykjavík. Rannsóknin fór fram á lækningastofu minni í þremur klukkutímaviðtölum dagana 29. og 31. ágúst og 2. september 1960.

Niðurstöður rannsókna minnar eru þær, að ég tel Arnljót Jónsson heilbrigðan andlega. Þrátt fyrir það, að sjúkrasaga Arnljóts sýni, að hann hafi á tímabili þjáðst af þunglyndi og hafi haft önnur einkenni, er gætu bent til geðveiklunar, þá sýnir hann nú engin einkenni um geðveiki (psychosis). Þar sem Arnljótur hefur nú verið sviptur lögræði, sjálfræði og fjárræði, mæli ég eindregið með því, að honum verði veitt aftur lögræði, sjálfræði og fjárræði“.

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960 og sagði þá m. a., „að rannsókn sín hefði ekkert leitt í ljós, er benti til þess, að Arnljótur væri ófærari um að fara með fjármál sín en hver annar venjulegur maður“.

Að tilhlutan Hæstaréttar voru vottorð og framburðir lækna þeirra, sem afskipti hafa haft af máli þessu, send Læknaráði til umsagnar með bréfum Dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. og 15. febrúar 1961. Beðizt var umsagnar um eftirfarandi atriði:

„1) Telur Læknaráð með tilliti til þeirra læknisvottorða, er lögð hafa verið fram í máli þessu, svo og annars framburðar læknanna, að Arnljótur Jónsson sé eða hafi verið geðveikur?

2) Ef svo er, að Arnljótur Jónsson sé (sic) eða hafi verið geðveikur, þá hvort líklegt sé, að honum sé batnað að fullu?

3) Sé Arnljótur heilbrigður andlega nú, en hafi verið geðveikur, þegar Esra Pétursson gaf vottorð um, að svo væri, er þá líklegt, að núverandi bati haldist þannig, að hann verði starfhæfur?

4) Hvort sendibréf Arnljóts til hr. Hylens, dags. 10. júní

1960, beri nokkurn vott um andlegt heilsufar hans, þegar bréf það var skrifað, og þá í hvaða átt“.

Réttarmáladeild gerði tillögu um, að Læknaráð svaraði spurningunum á þessa leið:

„Ad. 1. Læknaráð telur, að Arnljótur Jónsson hafi verið geðveikur.

Ad. 2. Eftir gangi og eðli sjúkdómsins verður ekki full- yrt, hvort um fullan bata sé að ræða eða ekki.

Ad. 3. Ekki er unnt að fullyrða um, hvort Arnljótur muni verða starfhæfur aftur.

Ad. 4. Nærri liggur að halda, að umrætt bréf sé skrifað í sjúklegu hugarástandi, en þar sem ekki liggja fyrir raun- hæfar upplýsingar um ýmis atriði, sem fram koma í bréf- inu, treystir Læknaráð sér ekki til þess að dæma um and- legt heilsufar Arnljóts út frá bréfinu“.

Læknaráð staðfesti 29. marz 1961 tillögu réttarmáladeild- ar í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14/1942 og reglugerð- ar nr. 194 24. nóvember s. á. sem álitagerð og úrskurð Læknaráðs.

Með tilvísun til framanritaðs þykja ekki færðar sönnur á, að varnaraðili máls þessa sé geðveikur eða hafi verið það, þegar hinn áfrýjaði dómur var upp kveðinn. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns varnaraðilja fyrir héraðsdómi, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Varnaraðili, Arnljótur Jónsson, á að vera sýkn af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður málsins greiðist úr rikissjóði, þar með tal- in málsvarnarlaun talsmanns varnaraðilja fyrir héraðs- dómi, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr.

2000.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 5000.00 til hvors.

S é r a t k v æ ð i

Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 4. töluliðar 2. gr. laga nr. 27/1951 taka aðeins til þess, að mál til sviptingar lögræðis og brotnáms lögræðissviptingar skuli um rannsókn og meðferð fara eftir fyrirmælum nefndra laga, eins og segir í upphafsákvæði 2. gr., en þar ræðir ekkert um sakaraðild. Um aðild að lögræðismálum fer því eftir ákvæði 7. og 12. gr. laga um lögræði nr. 95/1947.

Í héraðsdómi er réttilega tekið fram, að í máli því, sem hér er til úrlausnar, hafi Dómsmálaráðuneytið haft heimild til að gera kröfu um lögræðissviptingu samkvæmt b-lið 6. töluliðar 7. gr. laga nr. 95/1947. Sú heimild er ekki lögð í hendur ráðuneytinu sem handhafa opinbers ákærvalds, heldur sem yfirstjórnanda þeirra málefna, sem að lögráðum lúta, sbr. 28. gr. laga nr. 95/1947. Er því andstætt lögum að höfða lögræðismál með útgáfu og birtingu opinbers ákæruskjals á hendur þeim, sem þola eiga sviptingu lögræðis eða verða aðnjótandi brotnáms lögræðissviptingar.

Samkvæmt því, er að framan greinir, eru mál til sviptingar lögræðis einkamál, sem sæta afbrigðilegri meðferð eftir 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdómara í opinberum málum taka því ekki til máls þess, sem hér liggur fyrir, og þer slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943.

Sökum þess, sem að framan er rakið, tel ég, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum dómsatkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins, er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1960.

Ár 1960, föstudaginn 18. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1424/1960: Valdstjórnin gegn Arnljóti Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. f. m., er mál höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Arnljóti Jónssyni lögfræðingi, nú til heimilis Nökkvavogi 44 hér í bæ, til sviptingar lögræðis (sjálfræðis og fjárræðis) samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. heimild í 6. tl. b sbr. 2. tl. 7. gr. sömu laga.

Varnaraðilinn, Arnljótur Jónsson lögfræðingur, er fæddur á Vopnafirði 21. desember 1903. Hann gekk hinn 20. maí 1939 að eiga Guðbjörtu Ólafsdóttur, og eiga þau 4 börn. Þau hafa undanfarin ár búið að Njálsgötu 72 hér í bæ. Varnaraðili var um langt skeið aðalgjaldkeri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, en hefur nú um nokkurt árabíl lítið sem ekkert getað unnið af heilsufarsástæðum. Hinn 21. janúar s.l. hvarf varnaraðili af heimili þeirra. Var hann fyrst eina nótt á hóteli, en settist að næsta dag að Nökkvavogi 44 hjá Jónu Oddrúnu Ólafsdóttur mágkonu sinni (systur Guðbjartar) og manni hennar. Hefur hann búið þar síðan. Hann gerði, þegar er hann fór að heiman, ráðstafanir til að sækja um skilnað við konu sína. Stendur hjónaskilnaðarmálið nú yfir.

Mál þetta hófst með beiðni Guðbjartar Ólafsdóttur, dags. 10. f. m., er hún óskaði þess, að varnaraðili yrði sviptur lögræðinu. Við rannsókn út af beiðninni lýsir hún yfir því, að varnaraðili hafi árum saman verið haldinn geðveiki, er ekki hafi tekizt að ráða bót á. Hann sé orðinn óþolandi á heimili og brýn nauðsyn að koma honum á hæli til lækninga. Þá sé hann alls ófær til að stýra fjármálum sínum sjálfur. Guðbjört segir, að varnaraðili hafi lítið sem ekkert getað unnið síðustu ár. Hún segir, að varnaraðili hafi allt í einu horfið af heimili þeirra hinn 21. janúar. Guðbjört segir, að með beiðninni um lögræðissviptingu hafi það eitt vakað fyrir sér að skapa aðstöðu til að leita Arnljóti lækninga.

Vottorð og framburðir þriggja lækna, sérfræðinga í tauga- og geðsjúkdómum, hafa komið fram í málinu.

Alfreð Gíslason læknir vottar, að hann hafi haft varnaraðilja til meðferðar á árinu 1954, en þá hafi hann þjáðst af alvarlegu þunglyndi (melancholia in psychos. maniodepressiva). Hann hafi fylgt með heilsu varnaraðilja allengi umrætt ár, og hafi hann ekki hlotið bata. Eftir þetta hefur Alfreð ekki fylgt neitt með varnaraðilja.

Kristján Þorvarðsson læknir vottar, að varnaraðili hafi árum saman þjáðst af psychosis maniodepressiva. Hann kveðst ekki hafa haft varnaraðilja til meðferðar síðan á árinu 1955.

Esra Pétursson læknir segir svo í vottorði sínu, dags. 9. febrúar s.l.:

„Vorið 1955 var ég fyrst sóttur til Arnljóts Jónssonar, Njálsgötu 72, Reykjavík, f. 21/12 1903. Hann var þá rúmliggjandi, mjög þunglyndur, ákaflega magur, og taldi sig ekki hafa matarlyst, en auk þess væri margt, sem hann þýldi ekki að borða. Var hann þá nýkominn af Farsóttarhúsinu, þar sem hann hafði legið í nokkra mánuði vegna þunglyndis og fengið raflostmeðferð með fremur litlum árangri. Hann þjáðist einnig af ranghugmyndum, t. d. taldi hann, að smáæxli við annað eistað stafaði af kynsjúkdómi (gonorrhoe) og hefði sýkillinn borizt út í blóðið og sýkt hann og allt heimilið, og stafaði af því mikil sýkingarhætta fyrir alla, sem kæmu nálægt honum. Talaði hann enn fremur um leiðslur einhverjar, sem lægju úr næstu húsum yfir í lampana í íbúð hans, þar sem fólk fylgdist með gerðum hans gegnum leiðslurnar. Ekki mátti opna útvarp á heimilinu um hríð, vegna þess hve taugar hans væru „slappar“. Ranghugmyndirnar minnkuðu og hurfu um hríð að verulegu leyti, en þunglyndið og sjálfsásakanirnar héldust áfram, þar til hann fór með dóttur sinni til Sanda í Noregi einn mánuð sumarið 1958, í júlímánuði. Breyttist ástand hans á þann hátt, að frá því að vera þegjandalegur, svifaseinn og slappur í bragði, varð hann mikið talandi, glaðlegur og snöggur í hreyfingum. Jókst þetta fljótlega, þannig að oflæti urðu áberandi. Vakti hann þá t. d. heilu næturnar við samningu kvæða á spænsku og ensku og sendi mér m. a. nokkur eintök af þeim, og ber þar á óeðlilega miklu hugarflugi og hugarróti.

Janúar til aprílloka var hann svo hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, en gat ekki haldið því starfi þá lengur áfram vegna eirðarleysis og óróa, og skorti á einbeitingu. Var hann því látinn hætta

starfi þar. Skömmu seinna var hann með áform um að fara til Spánar og ætlaði að gefa þar út bækur, vinna sem fréttamaður við dagblöð og mörg fleiri áform í svipaða átt. Var hann þá um tíma mjög háspennur, einkum við tilhugsunina um að fara einn. Það varð þó úr, að kona hans, Guðbjört Ólafsdóttir, fór með honum til Spánar, og dvöldu þau þar í rúman mánuð. Hann ætlaði að fara einn, en ég taldi það óráðlegt vegna geðveilu hans og ráðlagði Guðbjörtu að láta svipta hann sjálfræði til þess að koma í veg fyrir það, ef ekki væri hægt að stöðva hann með öðru móti.

Í janúar 1960 leit ég tvisvar inn til hans, í seinna skiptið að mig minnir um 20. janúar. Í bæði skiptin var hann í náttfötum og lá í rúminu í seinna skiptið. Hann hafði aftur megrast og var svolítið rólegri, en varð þó töluvert æstur í seinna skiptið. Af því að hann hefur tregðast við að taka meðöl, sem vænta mátti að hefðu áhrif til bóta á geðsjúkdóm hans, og hann hafði áður fengið raflostmeðferð, án verulegs árangurs, og með því að hann hafði megrast svo mjög, að það var farið að verða honum hættulegt, svo og vegna framferðis hans á heimili samkvæmt lýsingu konu hans taldi ég heppilegast að biðja um pláss á Kleppsspítalanum fyrir hann til lækninga og skrifaði vottorð, þar að lútandi. Tókst mér að fá plássíð fyrir hann þar, en þá tók hann sig til og fór heiman að frá sér. Hafa síðan ekki verið aðrar aðgerðir af minni hálfu í þessu máli, aðrar en þær að spyrjast fyrir um hann og líðan hans.

Ég álit, að Arnljótur Jónsson þjáist af geðsjúkdómi þeim, sem hringhugsýki (depressio-mania) nefnist, og sé hann oft ekki fær um að ráða gerðum sínum. Síðastliðin 5 ár hefur hann í rauninni verið óvinnufær vegna veikindanna með öllu, sem kom greinilega í ljós, þegar hann vann í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur mánuðina janúar—apríl 1959.“

Sama dag hefur Esra gefið út yfirlýsingu þess efnis, að hann telji þörf á, að varnaraðili verði lagður á Kleppsspítala til lækninga vegna hringhugsýki (depressio-mania).

Esra hefur fyrir dómi borið það, að varnaraðili hafi verið mjög greinilega geðveikur þau ár, sem hann hafi fylgt með honum. Esra lýsti yfir því, að hann teldi varnaraðilja hollt, að hann yrði vistaður á Kleppsspítala, og vonir stæðu til, að bót kynni að verða ráðin á sjúkleika hans. Hann lýsti þó yfir því, að ef varnaraðili væri rólegur, þar sem hann er nú, væri ekki endilega nauðsyn að vista hann á hæli. Fyrir dómi við meðferð

máls þessa hefur Esra sagt, að hann álíti ekki nauðsyn til að svipta varnaraðilja sjálfraði, eins og nú sé ástatt, þótt það kynni að vera betra að gera það. Hann segist efa, að varnaraðili sé fær um að stýra fjármálum sínum, en erfitt sé að segja um það atriði.

Varnaraðili hefur eindregið mótmælt því, að krafan um lög-ræðissviptingu verði tekin til greina. Hann segir, að beiðni Guðbjartar um lögræðissviptingu sé sett fram sem mótleikur gegn ósk varnaraðilja um skilnað, og til þess ætluð að hindra, að varnaraðili geti komið til leiðar, að skipt verði eignum þeirra.

Varnaraðili hefur leitt vitni máli sínu til stuðnings. Jóna Odd-rún Ólafsdóttir, Nökkvavogi 44, systir Guðbjartar, segir, að varnaraðili hafi búið á heimili hennar síðan 22. janúar s.l. Hún segir, að andlegt ástand hans sé slíkt, að engin ástæða sé til að svipta hann lögræði. Hann sé dagfarsgóður og rólegur, og dómgreind hans í bezta lagi. Þrúður Óskarsdóttir, Langholtsvegi 180, systurdóttir Guðbjartar og Jónu Oddrúnar, segist ekki sjá nein merki geðveiki eða geðveilu á varnaraðilja, og telur hún hann fullkomlega færán að stjórna sínum högum og fjármálum. Loks lýsir móðir varnaraðilja, Sigríður Arnljótsdóttir, yfir því, að hún mótmæli, að krafan um lögræðissviptingu verði látin ná fram að ganga, enda mun krafan ekki borin fram af hálfu Guðbjartar vegna umhyggju um velferð varnaraðilja, heldur af hefnigirni eða einhverju slíku.

Verjandi varnaraðilja, Magnús Thorlacius hæstréttarlögmaður, hefur gert þá kröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Röksemdir hans fyrir kröfu þessari eru í stuttu máli þær, að Guðbjört Ólafsdóttir hafi ekki lögum samkvæmt heimild til að krefjast lögræðissviptingar yfir varnaraðilja, og að tilmæli frá henni séu ekki löglegur grundvöllur fyrir Dómsmálaráðuneytið til að höfða lögræðissviptingarmál, sbr. 2. tl. og b-lið 6. tl. 7. gr. lögræðislaga. Til grundvallar þeim rétti maka, er greini í ákvæðum þessum, liggi það, að treysta meg því, að krafan sé sett fram af umhyggju fyrir heill og hag þess, er svipta skal lögræði. Maka, sem yfirgefinn hafi verið vegna fyrirætlana um skilnað, sé ekki treystandi að þessu leyti.

Skal nú tekin afstaða til þess, hvort vísa eigi máli þessu frá dómi af þessum ástæðum eða öðrum.

Samkvæmt réttarfarsákvæðum laga nr. 95/1947 eru lögræðissviptingarmál einkamál, er sæta afbrigðilegri meðferð. Geta aðiljar máls bæði verið hið opinbera (Dómsmálaráðuneyti) og ein-

staklingar, er fullnægja vissum skilyrðum. Borgardómari fer með mál þessi í Reykjavík.

Með 4. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951 er svo fyrir mælt, að mál þessi skuli sæta meðferð samkvæmt þeim lögum. Rísa af þessu tilefni ýmsar spurningar um það, hvaða breytingar þetta hafi í för með sér. Í fyrsta lagi kemur til álita, hver fara skuli með mál þessi hér í bæ. Mál þessi hafa á undanförunum árum verið lögð fyrir sakadómarann í Reykjavík. Er þó óeðlilegt, að ákvæðið í 2. gr. laga nr. 27/1951 hafi átt að breyta sérákvæði laga nr. 95/1947 um það, undir hvaða dómara mál þessi heyri. Mun aldrei hafa verið til þess ætlazt, að sérákvæði laga nr. 95/1947 um þessi mál yrðu felld úr gildi með lögum nr. 27/1951 (sbr. t. d. skýringu við 2. gr. í: Lög nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála með skýringum og athugasemdum, Reykjavík 1951, bls. 5). En sakir dómvenju þeirrar, sem sköpuð hefur verið (sbr. Hrd. XXV., bls. 447, og síðari dóma Hæstaréttar um þetta efni), þykir ekki fært að vísa málinu frá dómi ex officio af þessum ástæðum.

Um frávísunarkröfuna af hálfu varnaraðilja er þetta að segja: Vafi leikur á því, hvort lög nr. 27/1951 breyti fyrri reglum um aðild þessara mála, þannig að ákærvaldið eitt („valdstjórnin“) geti nú átt sóknaraðild eða hvort einstaklingar geti það enn sem fyrr. Sennilega yrði litið svo á, að ákærvaldið eitt geti sótt sök, en jafnvel þótt svo væri ekki, hefur Dómsmálaráðuneytið samkvæmt lögum nr. 95/1947 ótvíræða heimild til aðildar að lögræðissviptingarmálum, og er heimildin ekki bundin því skilyrði, að tilmæli komi frá neinum sérstökum aðilja, sbr. 7. gr., 6. tl. b-lið i.f. Dómsmálaráðuneytið hafði því vafalaust heimild til að höfða þetta mál, þótt vafi kynni að leika á því, hvort Guðbjört sjálf hefði getað höfðað málið að lögum.

Samkvæmt þessu verður efnisdómur kveðinn upp í málinu. Af hálfu varnaraðilja hefur í því tilfelli verið krafizt sýknu.

Í máli þessu þykja fullar sönnur hafa verið færðar á það, að varnaraðili sé haldinn geðveiki (depressio-mania) á allháu stigi, en sjúkdómur þessi lýsir sér ýmist með þunglyndi (melancholia) eða oflæti og óróleika (mania). Sönnun þessa er einkum vætti Esra Péturssonar og hinna læknanna tveggja. Varnaraðili hefur nokkrum sinnum komið fyrir dóm eða átt viðtal við dómara í málinu. Þykir dómaraþess kynni af varnaraðilja alls ekki gefa tilefni til að vefengja vætti Esra Péturssonar. Og ekki þykir því verða hnekkð með gagnstæðu áliti vandamanna varnaraðilja,

er áður greindi. Enn er þess að geta, að í dóminum var lagt fram ábyrgðarbréf, er varnaraðili sendi Haraldi Ólafssyni, bróður konu sinnar, og hafði áður tilkynnt um bréfið með símskeyti. Innihald bréfs þessa er rugl eitt og ber með sér sjúkdómseinkenni. Bréf þetta kveðst varnaraðili hafa sent í spaugi.

Með því að varnaraðili er geðveikur, svo sem nú var rakið, og með hliðsjón af því, að hann hefur af þeim ástæðum ekki getað sinnt störfum um alllangt skeið, þykir verða að telja, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum né fjármálum. Ber því samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 að taka til greina kröfu valdstjórnarinnar um það, að varnaraðili verði sviptur lögræði (bæði sjálfræði og fjárræði).

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt úr hendi varnaraðilja, og á kostnaðurinn því að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda varnaraðilja, og ákveðast þau 2000 kr.

Dómsorð:

Varnaraðili, Arnljótur Jónsson, skal sviptur lögræði (sjálfræði og fjárræði).

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kr. 2000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda varnaraðilja, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.
